

1. Verklag um meðferð upplýsinga um ætlað brot á Siðareglum birgja OR og dótturfélaga

Berist Orkuveitu Reykjavíkur upplýsingar vegna ætlaðs brots birgis á Siðareglum birgja OR og dótturfélaga skal forstöðumaður innkaupa, eftir atvikum í samstarfi við lögfræðimál;

1. kanna gögn sem að baki búa, séu slík fyrir hendi og taka afstöðu til trúverðugleika upplýsinganna,
2. leita formlega eftir afstöðu viðkomandi birgis til upplýsinganna, séu þær taldar trúverðugar,
3. meta alvarleika meints brots og hvort og þá hvaða úrbóta er þörf,
4. leita samstarfs við birginn um úrbætur,
5. taka afstöðu til viðurlaga, náist ekki samstarf,
6. leita formlegra andmæla birgisins við viðurlögum,
7. taka ákvörðun um hvort viðurlögum verður beitt,
8. kynna birginum niðurstöðu málsins af hálfu OR.

Við alla vinnslu á upplýsingum um hugsanleg brot á þessum reglum mun OR gæta að meðalhófi og andmælarétti birgis.

Jafnframt ber forstöðumanni innkaupa að taka afstöðu til þess hvort rétt sé að tilkynna yfirvöldum um ætlað brot þar sem í því felist hugsanlega lögbrot.